

# Fyrirvari um notkun vafrakaka

## 1. Tilgangur

Eftirfarandi fyrirvari um notkun vafrakaka lýsir nánar notkun á vafrakökum og annarri sambærilegri rakningartækni á vefsíðum í eigu Ósa hf. og dótturfélaganna Icepharma hf. og Parlogis ehf. Þannig að tryggt sé að slík notkun og söfnun og vinnsla upplýsinga sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Fyrirvarinn um notkun vafrakaka veitir einnig upplýsingar um hvernig megi stilla eða hafna notkun á vafrakökum.

## 2. Gildissvið

Fyrirvarinn um notkun vafrakaka tekur til allra vefsíða í eigu Ósa hf., Icepharma hf. og Parlogis (hér eftir einnig vísað til sem "eigendi vefsíðu"). Er þá einna helst átt við aðalvefsíður félaganna, vefsíður netverslana í eigu félaganna auk annarra vefsíða í tengslum við ákveðin vörumerki.

## 3. Ábyrgð

Persónuverndarfulltrúi samstæðunnar er ábyrgur fyrir því að hafa eftirlit með því að fyrirvaranum um notkun vafrakaka sé fylgt og að endurskoða hana og uppfæra eftir þörfum til að tryggja samræmi við breyttar lagalegar kröfur. Ritstjórar og ábyrgðarmenn yfir vefsíðum bera ábyrgð á því að tæknileg útfærsla á notkun vafrakaka sé í samræmi við fyrirvarann..

## 4. Noktun okkar á vafrakökum

### *Hvað eru vafrakökur?*

Vafrakökur eru litlar textaskrár sem vistast á tæki notandans (tölvu, snjallsíma, spjaldtölvu) þegar notandi heimsækir vefsíðu. Þessar textaskrár eru vistaðar í minni tækisins í gegnum vafra notandans. Textaskrárnar innihalda ákveðnar upplýsingar um notkun vefsíðunnar sem vafurinn gæti sent til baka á netþjóninn næst þegar notandi heimsækir vefsíðuna. Vafrakökur gera þannig vefsíðum kleift að bera kennsl á tæki notanda þegar notandi heimsækir vefsíðuna aftur og því er vafrakaka eins konar stafrænt merki sem man eftir notanda frá síðustu heimsókn hans á vefsíðuna.

### *Tilgangur með notkun vafrakaka:*

Vafrakökur þjóna ýmsum tilgangi, svo sem að muna eftir stillingum notandans, bæta upplifun notandans og veita eigendum vefsíðna greiningargögn. Tilgangurinn með því að nota vafrakökur er hins vegar fyrst og fremst að tryggja að vefsíða virki rétt og bæta notendaviðmót. Tilgangur notkunar þeirra er ekki að auðkenna notendur sérstaklega. Hins vegar geta vafrakökur safnað tegundum upplýsinga sem gætu hugsanlega auðkennt notanda á einn eða annan hátt. Þegar það á við teljast upplýsingarnar persónuupplýsingar í skilningi persónuverndarlaga.

### *Heimild fyrir notkun vafrakaka:*

Lagagrundvöllur tæknilegrar söfnunar, notkunar og vistunar persónuupplýsinga með notkun vafrakaka er sá að notkunin er talin nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna eiganda vefsíðunnar sem felast í því að tryggja virkni vefsíðunnar, geta veitt notendum góða upplifun þegar vefsíðan er notuð og að stuðla að frekari þróun síðunnar. Eigandi vefsíðunnar hefur einnig lögvarða hagsmuni af því að geyma þær upplýsingar sem safnað er í takmarkaðan tíma af öryggisástæðum. Í öðrum tilfellum, þ.e. þegar ekki er um að ræða vafrakökur sem taldar eru nauðsynlegar fyrir eðlilega grunnvirkni vefsíðunnar, byggist heimild til noktunar á vafrakökum á samþykki notanda.

### *Tegund vafrakaka sem við notum:*

Við flokkum vafrakökur eftir eðli þeirra og tilgangi:

- **Nauðsynlegar vafrakökur:**

Ákveðnar vafrakökur eru nauðsynlegar fyrir grunnvirkni vefsvæða. Slíkar vafrakökur eru ekki háðar samþykki notenda heldur byggir notkun þeirra á lögmætum hagsmunum vefsíðueiganda, sem felast í því að tryggja grunnvirkni vefsíðunnar. Notendur geta þó alltaf valið að slökkva á slíkum vafrakökum en það getur þó haft áhrif á virkni vefsíðunnar. Aðrar vafrakökur eru notaðar til að gera vefsvæðinu kleift að þekkja þegar notandi snýr aftur á vefsíðu og sérsníða stillingar, innihald og efni vefsíðunnar fyrir notandann eftir vali hans frá síðustu heimsókn, s.s. tungumálastillingar o.fl. Þessar vafrakökur teljast ekki tæknilega nauðsynlegar en án þeirra er virkni vefsíðu og upplifun notandans minni en með notkun þeirra. Þessar vafrakökur eru þó háðar samþykki notandans og notendur geta hvenær sem er valið að slökkva á virkni þeirra og þar með afturkalla samþykki sitt fyrir notkun þeirra.

- **Vafrakökur notaðar við tölfraði og greiningar**

Vafrakökur sem þessar eru notaðar til að safna upplýsingum um hvernig notandinn hagar sér við notkun á vefsíðunni. Slíkar kökur hjálpa eiganda vefsíðunnar að þróa vefsíðuna, bæta viðmót og greina og skilja hegðun notandans. Slíkar vafrakökur eru háðar samþykki notanda. Vefsíður okkar kunna að nota sérstaka þjónustur frá Google við vafragreiningar (Google Analytics). Í þeim tilvikum greinir Google notkun notandans á vefsíðum fyrir hönd vefsíðueigandans. Upplýsingarnar sem Google safnar eru sendar til netþjóns Google í Bandaríkjunum, þar sem þær eru vistaðar og greindar. Niðurstöður greininga um notkun og hegðun notenda eru síðan eiganda vefsíðunnar aðgengilegar í ópersónugreinanlegu formi. Gögn er varða notkun notenda eru ekki tengd við fulla IP tölu notandans í tengslum við þessar greiningar. Notendur geta alltaf valið að slökkva á notkun þess háttar vafrakaka eða afturkalla samþykki sitt fyrir notkun þeirra. Frekari upplýsingar um Google Analytics er að finna í [notkunarskilmálum Google Analytics](#), [leiðbeiningum um persónuvernd og gagnavernd Google Analytics](#) og í [persónuverndarstefnu Google](#).

- **Markaðs- og auglýsingavafrakökur**

Vafrakökur sem þessar eru fyrst og fremst notaðar til að fylgjast með vafravenjum notandans og til að birta sérsníðið markaðs efni, s.s. auglýsingar, að notendum. Persónuupplýsingar um notendur er ekki deilt með auglýsendum án samþykki þeirra. Vafrakökur sem þessar eru því háðar samþykki notandans á hverjum tíma og notendur geta alltaf valið að hafna notkun þeirra.

### **Upplýsingagjöf til notenda:**

Þegar notandi heimsækir vefsíður okkar í fyrsta sinn birtist sprett-gluggi/borði á forsíðu vefsíðunnar þar sem viðkomandi er upplýstur um notkun vafrakaka og óskað eftir samþykki hans fyrir notkun á öðrum vafrakökum en nauðsynlegum vafrakökum.

Veiti notandi samþykki sitt fyrir notkun á öllum tegundum vafrakaka er kökunum komið fyrir í tæki notandans og eftir það birtist sprett-glugginn notandanum ekki aftur fyrr en líftími vafraka er liðinn eða ef notandi kys sjálfur að óvirkja eða takmarka notkun vafrakaka.

Notendur geta alltaf takmarkað eða slökkt á notkun á vafrakökum og þar með afturkallað samþykki sitt fyrir notkun þeirra. Það gerir notandinn með því að breyta stillingum á vafrum þannig að vafrinn taki ekki við kökum. Ef notand kys að hafna notkun allra vafrakaka, þ.m.t. notkun nauðsynlegra vafrakaka, getur það haft áhrif á eða hamlað virkni vefsíðunnar.

### **Stýring á notkun vafrakaka:**

Notendur geta stýrt notkun á vafrakökum hvenær sem er með því að breyta stillingum á vafrum. Notandinn getur þannig:

- Breytt stillingum til að loka á notkun þeirra eða takmarka notkun.
- Eytt vafrakökum sem nú þegar hafa vistast í vafrum notandans.

Sé þetta gert getur það hins vegar haft áhrif á, takmarkað eða hamlað virkni vefsíðunnar.

Leiðbeiningar um hvernig stilla má notkun á vafrakökum í netvafranum Google Chrome:

1. Farið í "Customize and control Google Chrome"

2. Settings
3. Advanced
4. Content settings
5. Cookies

Nánari upplýsingar um hvernig stilla má vafrakökur í öðrum vöfrum má finna [hér](#):